

Skáld í skólum | 2021 – um landið allt

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga



Skáld í skólum 2021

Hva, má það bara?

Má maður bara gera hvað sem er í sögum? Má maður kalla hluti nýjum, óvæntum nöfnum og rugla lesendur í ríminu? Segja að fill sé mús? Og sundlaug blómapottur? Taka orð sem þýðir eitt og segja að það þýði eitthvað allt annað? Má það bara?

Rithöfundarnir **Blær Guðmundsdóttir** og **Hilmar Örn Óskarsson** bregða upp myndum og textum úr barnabókum þar sem leikið er með orð á einfaldan og áhrifaríkan hátt. Þau fjalla um tungumálið, merkingu orða og Blær teiknar hugmyndirnar jafnóðum og þær kvikna. Gáskafull og heimspekileg dagskrá fyrir yngsta skólastigið!

Blær Guðmundsdóttir er teiknari, barnabókahöfundur og grafískur hönnuður. Hún hefur myndskreytt barnabækur og í fyrra sendi hún frá sér sína fyrstu frumsömdu bók, *Sipp, Sippispanipp og Sippispanippsipsumsipp – systurnar sem ætluðu sko ekki að giftast prinsum*. Blær vann FÍT-verðlaunin 2020 fyrir þessa frumraun sína og hlaut einnig tilnefningu til Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar í flokki myndlystra bóka.

Hilmar Örn Óskarsson er rithöfundur og þýðandi og hefur meðal annars sent frá sér bókaflokkinn um Kamillu vindmyllu og unglingasöguna *Húsið í september*. Hilmar hefur stýrt ritmiðjum fyrir börn á vegum menningarmiðstöðva Reykjavíkur og hlotið viðurkenningar fyrir verk sín, þ.a.m. Vorvindaviðurkenningu IBBY á Íslandi fyrir þýðingar og sæti á heiðurslista hinna alþjóðlegu IBBY-samtaka.

Dagskrá hentar best **1. – 4. bekk.**

Skáld í skólum 2021

Hvaðan koma allar þessar sögur?

Skelfileg mistök, pínlegar upptakomur og hryllilegar hrakfarir eru stundum af hinu góða. Af sumu má læra og um annað má skrifa! Rithöfundar nýta sér nefnilega allt milli himins og jarðar til að virkja hugarflug, hvort sem það er óvæntur samsláttur hugmynda eða nánasta umhverfi. Því allt getur nýst sem efniviður í góða, bitastæða eða afdrifaríka sögu.

Rithöfundarnir **Kristín Ragna Gunnarsdóttir** og **Sverrir Norland** sýna á ferskan og fræðandi hátt hvernig galdra má fram heila sögu – söguheim, persónur, atburðarás – að því er virðist upp úr engu, með því að nota fáein brögð og brellur, m.a. fjársjóðskistu fulla af óvæntum hjálpartólum. Hér er á ferðinni létt og skemmtileg dagskrá um sagnagerð og imyndunaraflíð.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir er rithöfundur og teiknari. Meðal bóka hennar eru *Nornasaga – Hrekkjavakan* og bækurnar um Úlf og Eddu. Auk þess hefur Kristín Ragna stjórnað listasmiðjum og sett upp bókatengdar barnasýningar. Kristín Ragna hefur hlotið Dimmalimm – Íslensku myndskreytiverðlaunin í tvígang og verk hennar verið tilnefnd, m.a. til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Sverrir Norland er höfundur skáldsagnanna *Kvíðasnillingarnir* og *Fyrir allra augum* auk bókaknippis sem geymir fimm snotrar bækur á stærð við snjallsíma og rúmast því vel í vasa. Sverrir starfar einnig sem gagnrýnandi og ritstjóri og hefur þýtt barnabækur eftir höfunda á borð við Maurice Sendak, Junko Nakamura og Tomi Ungerer.

Dagskrá hentar best **5. – 7. bekk.**

Verð og tímallengd

Tímallengd: **ein kennslustund/ 40 mínútur.**

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölvu með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.**

Verð: **40.000 kr. ★**

Hámarksfjöldi áhorfenda er **100 nemendur á yngsta stigi en 150 nemendur á mið- og unglingsstigi.**

Tímabil og pantanir

Tímabil: **11. október – 16. nóvember 2021.**

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við hvern og einn rithöfund.

Frestur til að panta dagskrár er til **30. september 2021.**

Allar pantanir berist á tinna@rsi.is

Upplýsingar í **síma 568 3190** og á www.rsi.is/hofundamidstod

★ Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og upphald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir. Lágmarksfjöldi per ferð er 4 bókanir.

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.



Höfundamiðstöð RSÍ býður grunnskólum á hverju ári upp á bókmenntadagskrár undir nafninu **Skáld í skólum** þar sem höfundar heimsækja skólana til að fjalla um bókmenntir af ýmsu tagi. Dagskrárnar eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af ólæknanandi lestrar- og sköpunargleði.

Í ár fara **6 skáld** frá Höfundamiðstöð RSÍ í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um veröld bókmenntanna, þau munu fjalla um skelfileg mistök og pinlegar uppákomur, rugla nemendur í ríminu með því að kalla hlutina nýjum, óvæntum nöfnum og jafnframt sýna hvernig bækur veita manni innsýn í hvort í senn eigin hugarheim og annarra.

Skáld í skólum er á sínu 16. starfsári og hefur fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútíma-bókmennta í grunnskólum landsins, en hátt í 70 mis-munandi dagskrár hafa orðið til innan vébanda verkefnisins frá því það hóf fyrst göngu sína 2006.

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum
njóta stuðnings
Menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.



Skáld í skólum 2021

Að skrifa til að lifa!

Hið ritaða orð er hrifandi leið til þess að kynnast ólíkum menningarheimum og atburðum, skálduðum og sönnum, og að sama skapi ómetanlegt til að fá innsýn í eigin hugarheim og annarra. Að skrifa hjálpar okkur að læra af reynslunni, vinna úr brotakerndum hugsunum og kynnast sjálfum okkur og fólkinu í kringum okkur enn betur.

Rithöfundarnir **Bergþóra Snæbjörnsdóttir** og **Bragi Páll Sigurðarson** fjalla um hvernig það að halda dagbók og stunda skapandi skriftir opnar nýjar víddir og getur verið heilun fyrir snjáðar sálir. Þau fara með nemendur í hið hlykkjótta ferðalag að skriftunum, heilunina í sköpuninni og hversu erfitt sé stundum að skrifa en gott að hafa skrifað.

Bergþóra Snæbjörnsdóttir er rithöfundur og ljóðskáld. Hún er með B.A.-gráðu í sálfræði og ritlist frá Háskóla Íslands, auk meistara-gráðu í hagnýtri menningarmiðlun frá sömu stofnun. Hún hefur sent frá sér ljóðabækurnar *Daloon daga* og *Flórída* og skáldsöguna *Svínshöfuð*. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir seinni tvær bækur sínar en *Svínshöfuð* hlaut jafnframt Fjöruverðlaunin og verðlaun bóksala.

Bragi Páll Sigurðarson er ljóðskáld, rithöfundur og skipstjóri. Hann útskrifaðist úr ritlist við Háskóla Íslands og hefur sent frá sér skáldsöguna *Austur* og ljóðabækurnar *Fullkomin ljóðabók* og *HOLD*, en fyrir *Austur* var hann tilnefndur til Rauðu Hrafnsfjaðrarinnar. Hann hefur einnig starfað sem blaðamaður og pistlahöfundur, og hefur þar hlotið mesta athygli fyrir svokallaða upplifunarpistla, sem og pistla sína um persónuleg málefni.

Dagskrá hentar best **8. – 10. bekk.**

Covid-19

Athugið! Dagskrárnar verða einnig til boða sem rafrænar upptökur. Komi til þess að ástandið vegna Covid-19 bjóði ekki upp á heimsóknir með hefðbundnum hætti mun skólinn þess í stað fá viðburðinn rafrænt.